



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
við opnun sýningarinnar
„Gullkistan Vestfirðir“
á Ísafirði
6. september 2025**

Kæru Vestfirðingar, góðir gestir,

Fyrir fáeinum árum var því slegið fram í sjónvarpsfrétt að Halamiðin hér út af Vestfjörðum væru „mest sótt gullkista Íslandsmiða“. Fréttin vísaði til nýrrar vefsíðu Hafrannsóknastofnunar um dreifingu veiða í kringum landið en orðavalið byggði hins vegar á aldagamalli hefð þar sem fengsælum fiskimiðum er líkt við gullkistu. Finna má ýmis dæmi um þetta myndmál í fréttamiðlum nítjándu og tuttugustu aldar, þar á meðal nokkur þar sem sjálft Djúpið er kallað gullkista Vestfjarða. Þetta er orðalag sem ég þykist viss um að flestir Vestfirðingar, að minnsta kosti þau sem eru komin um eða yfir miðjan aldur, hafi heyrt ættmenni sín nota ótal sinnum.

Gullkistan Vestfirðir, yfirskrift þeirrar glæsilegu og fjölbreyttu sýningar sem opnar hér í íþróttahúsinu Torfnesi í dag, kinkar ljóslega kolli til þessarar yfirfærðu merkingar en um leið er snúið með skemmtilegum hætti upp á hefðina. Við erum minnt rækilega á það að þótt hafið sé Vestfirðingum enn sem fyrr dýrmæt uppspretta lífsviðurværis og velmegunar þá hefur stoðum atvinnulífs hér á svæðinu fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum og áratugum. Þeir tæplega 80 aðilar sem taka

þátt í sýningunni eru ekki aðeins fulltrúar sjávarútvegsins, heldur einnig líftækni, iðnaðar, ferðaþjónusta og menningar, svo nokkur svið séu nefnd.

Ég hef komið á ófáar fag- og markaðsýningar um dagana, bæði hérlandis og erlendis. Í flestum tilvikum er höfuðmarkmið þeirra sem taka þátt að kynna þjónustu og vöru, afla nýrra viðskiptavina, styrkja persónuleg tengsl þvert á starfsgreinar eða landamæri og styrkja ímynd viðkomandi vörumerkja. Ég reikna með að Gullkistan Vestfirðir þjóni öllum þessum góðu markmiðum en það sem slær mig sterkast í kynningarefni sýningarinnar er sú áhersla sem er lögð á að nota þennan vettvang til að segja „sögur af svæði sem *þorir* og *getur* – þar sem fjölbreytt mannlíf, tækninýjungar, frumkvæði og samheldni móta samfélag í stöðugri þróun“. Erindin sem flutt verða í húsnæði Menntaskólans seinna í dag eru hluti þessarar mikilvægu sögumennsku en um leið hefur hver einasti þátttakandi á sýningunni sína eigin sögu að segja.

Hugrekki hefur lengi verið mér hugleikið og ég held ég viti hvaðan það kemur því ég á ættir mínar að rekja hingað til Vestfjarða, nánar tiltekið til Skálavíkur og Bolungarvíkur. Og nafn mitt, svo það sé upplýst, kemur héðan frá Ísafirði. Ég er stolt af þessari arfleið og er alin upp við sögur af seiglu, dugnaði og frumkvæði vestfirskra forfeðra og formæðra. Ég efast ekki um að þessar sögur efldu mig á margvíslegan máta.

Í starfi mínu sem forseti undanfarið ár hef ég lagt áherslu á að það skiptir máli hvaða sögur við segjum af okkur sjálfum á alþjóðlegum vettvangi og líka með hvaða hætti þær sögur eru sagðar. Um leið hef ég minnt á að það er líka mikilvægt að við hugum að því hver sjálfsmynd okkar er, með öðrum orðum hvaða sögu við segjum okkur sjálf. Það þarf að vera heilbrigt samræmi þarna á milli. Þegar ég les yfir lista sýnenda hrífst ég af þeirri fjölbreyttu atvinnustarfsemi sem þrífst hér milli svipmikilla fjalla Vestfjarða. Það er einkar ánægjulegt fyrir mig sem gest að geta séð og hitt fulltrúa ólíkra fyrirtækja og stofnana alla á einum stað, þótt aðeins sé

um einn laugardagseftirmiðdag að ræða. En það er ekki síður mikilvægt fyrir ykkur, sem hér búið og starfið, að sjá ykkur sjálf í stærra samhengi landsfjórðungsins, því samhengi sem fjarlægðir, fjöll og farartálmar skyggja stundum á.

Ég vitnaði áðan í þau orð skipuleggjenda sýningarinnar að Vestfirðir séu svæði „sem þorir og getur“. Í þeim anda vil ég enda þessi orð mín hér í dag á einfaldri en skýrri hvatningu. Nýlega hefur Vestri, fótboltaliðið ykkar glæsilega, landað mjólkurbikarnum í knattspyrnu. Þar fer lið sem bæði þorir og getur. Megi frumkvæði ykkar, seigla, dugnaður og þor með sama hætti halda áfram að gera Vestfirði að þeirri gullkistu sem þeir sannarlega eru.